

Landrýniskýrsla Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Samantekt umsagna í samráðsgátt stjórnvalda

Landrýniskýrsla Íslands gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 12.5.2023 og var til umsagnar til 25.5.2023. (Mál nr. 98/2023)

Tvær umsagnir bárust fyrir skilafrest, en að auki var tekið á móti einni umsögn eftir að honum lauk. Umsagnir urðu því samtals þrjá, frá þessum aðilum:

1. Barnaheill
2. ÖBÍ – réttindasamtök
3. Kennarasamband Íslands

Í flestum umsögnum kom fram ánægja með yfirstandandi vinnu með heimsmarkmiðin á Íslandi en bent er á ýmsa þætti sem ber að hafa í huga til þess að gera betur og verða þær ábendingar nýttar í áframhaldandi vinnu með heimsmarkmiðin og mótun stefnu um sjálfbæra þróun.

Helstu ábendingar úr innsendum umsögnum

1. Barnaheill fanga yfirstandandi vinnu stjórnvalda varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og að vitundarvakning almennings um málefnið hafi aukist en benda á að sjálfbærni einnar þjóðar má aldrei vera á kostnað annarrar. Þau taka undir tillögur ungmennaráðs heimsmarkmiðanna að minnka vistspor Íslands enda þurfi að hraða aðgerðum vegna loftslagsbreytinga. Sérstaka áherslu leggur Barnaheill á heimsmarkmið 1, 2, 4, 9 og 16. Móta þurfi stefnu um fátækt og skilgreiningu á hugtakinu sem og stefnu um næringarríkar og gjaldfrjálsar skólamáltíðir og tryggja almenningi aðgang að heilnæmum matvælum á viðráðanlegu verði. Þá þurfi að samþætta menntun um sjálfbærni inn í allt nám og tryggja réttlát tækni- og orkumskipti. Að lokum fagna þau aukinni vernd barna gegn ofbeldi á Íslandi og stefnu um barnvænna Ísland.

2. ÖBÍ – réttindasamtök benda á að virkt samráð, full fjármagnaðar aðgerðir og eftirfylgni séu lykillinn að innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi og telja mikilvægt að núverandi markmissa vinna haldi áfram. Þau benda á nauðsyn þess að aðstoða fatlað fólk fjárhagslega, gæta þess að heilbrigðisþjónusta sé öllum aðgengileg, lækka húsnæðiskostnað fatlaðs fólks, bæta aðgengismál og ekki síst að stafrænni þjónustu, tryggja aðgengi fatlaðs fólks að námi og skapa fleiri störf fyrir fatlað fólk með auknum sveigjanleika til þess að koma til móts við ólíkar þarfir og stöðu fólks.

3. Kennarasamband Íslands bendir á að menntun sé besta jöfnunartæki sem völ er á og undirstrika að menntun gegni lykilhlutverki í því að vekja samfélagið til meðvitundar um mikilvægi jafnréttis og sjálfbærni. Þá þurfi að gæta sérstaklega að þeim sem ekki eiga íslensku að móðurmáli, eru með fötlun eða standa af einhverju orsökum föllum fæti innan skólakerfisins. Mikilvægt sé að efla stoðþjónustu á öllum skólastigum. Ítrekað sé að fjárhagslegur stuðningur vegna samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sé tryggður yfir landið þvert. Mikilvægt sé að innleiða heimsmarkmiðin í allt skólastarf og efla kennaramenntun þess eðlis.

Niðurlag

Nánar má fræðast um einstakar umsagnir á samráðsgátt stjórnvalda þar sem allar umsagnirnar eru birtar í fullri lengd ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3470](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3470)).